

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 27. mars 2008 í máli nr. E-2836/2007:

Samtök myndréttahafa á Íslandi

Framleiðendafélagið-SÍK

Félag hljómplötuframleiðenda

STEF

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Istorrent ehf. og

Svavari Lútherssyni

(Tómas Jónsson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 11. þ.m., er höfðað 30. nóvember 2007 af Samtökum myndréttahafa á Íslandi (SMÁÍS), Laugavegi 182 í Reykjavík, Framleiðendafélaginu-SÍK, Túngötu 14 í Reykjavík, Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), Laufásvegi 40 í Reykjavík, og Félagi hljómplötuframleiðenda (FHF), Eiðistorgi 17 á Seltjarnarnesi, á hendur Istorrent ehf., Borgartúni 25 í Reykjavík, og Svavari Lútherssyni, Burknavegnum 17C, Hafnarfirði.

Í málinu gera stefnendur eftirfarandi dómkröfur.

„Að viðurkennt verði með dómi að stefndu sé óheimilt að starfrækja vefsíðuna www.torrent.is eða aðra sambærilega vefsíðu sem gerir notendum hennar kleift að fá þar aðgang að og deila innbyrðis hljóð- og myndefni sem umbjóðendur stefnenda eiga höfundarrétt að án samþykkis rétthafa.

Að lögbann sem sýslumaðurinn í Hafnarfirði lagði þann 19. nóvember 2007, við því að stefndu starfræki vefsíðuna www.torrent.is sem gerir notendum hennar kleift að fá aðgang að og deila innbyrðis höfundarréttarvörðu hljóð- og myndefni sem umbjóðendur stefnenda eru rétthafar að verði staðfest með dómi.

Að stefndu verði, in solidum, dæmdir til greiðslu skaðabóta að álitum, en til vara að viðurkennd verði bótaskylda stefndu.

Að stefndu verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar, þar með talið alls útlagðs og áfallins kostnaðar við lögbannsgerð.“

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfu stefnenda og málskostnaðar. Þeir gera jafnframt þá kröfu að stefnendum verði óskipt gert að greiða þeim skaðabætur fyrir ólögsmætar lögbannsaðgerðir, þannig: Stefnda Istorrent ehf. 20.000.000 krónur auk 6.000.000 króna fyrir hvern mánuð sem lögbann stendur yfir eða aðra upphæð að álitum. Stefnda Svavari 5.000.000 krónur auk 500.000 króna fyrir hvern mánuð sem lögbann stendur yfir eða aðra upphæð að álitum.

I.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að stefndu hafi frá árinu 2005 starfrækt vefsíðuna torrent.is. Sé vefsíðan vettvangur netsamfélags sem stefndi Svavar hafi stofnað til og kallast „Istorrent“ og hafi þann tilgang að dreifa milli meðlimanna allskyns hljóð- og myndefni án endurgjalds. Tæknilega sé vefsíðan reist á svokallaðri torrent/BitTorrent tækni sem sé skráarskiptikerfi sem nýti netið (internetið) sem gagnaflyttingsleið. Vefsíðan virki þannig að einn leiðarþjónn (e. Tracker) er settur upp, en þar geti síðan netnotendur hlaðið upp litlum leiðarvísi (.torrent) sem sé tilvísun í hvernig nálgast megi ákveðna skrá hjá öðrum. Einn notandi geti þá séð leiðarvísinn fyrir þessa tilteknu skrá hjá öðrum og sótt efnið frá honum og raunar öllum þeim sem dreifa sömu skrám í gegnum vefsíðuna. Það sem geri þetta kleift sé leiðarþjónninn (BitTorrent) sem auðkenni alla tengda notendur og hjálpi leitarhugbúnaði þeirra að skipta á milli sín brotum af þeim skrám sem leitað er að við aðra notendur á öðrum tölvum sem tengdar eru inn á leiðarþjónninn. Leiðarþjónninn sem tengir saman notendur torrent.is og geri skráarskiptin á þeirri vefsíðu möguleg sé starfræktur af stefndu. Aðild að vefsíðunni sé grundvöllur á svokölluðum boðslyklum. Þeir einir fái aðgang að vefsíðunni og skráarskiptum þar sem fái um það sérstakt boð frá stefndu. Aðildin sé síðan bundin ákveðnum kvöðum. Stefndu hvetji með þeim til þess að þeir sem nota vefsíðuna deili með sér sem mestu efni. Stefndu heimili þó einstökum notendum vefsíðunnar lausn undan þeirri kvöð með því að greiða stefndu tiltekna peningaupphæð. Tekjur stefndu af þessari tilhögun hafi numið 500.000 krónum í októbermánuði 2007 og fari vaxandi eftir því sem stefndi Svavar hafi sjálfur upplýst við fyrirtöku lögbannsgerðar 19. nóvember 2007. Ljóst sé því að stefndu hafi verulegan fjárhagslegan ávinning af brotum á höfundaréttindum umbjóðenda stefnenda. Meðlimafjöldi torrent.is hafi aukist jafnt og þétt ár frá ári og notendur vefsíðunnar verið um 26 þúsund talsins þegar gripið var til lögbannsaðgerða gegn starfrækslu hennar 19. nóvember 2007. Í skilmálum síðunnar hafi verið lagt bann við því að samtök höfundaréttihafa, lögregla eða aðrir sem gæta hagsmuna höfundaréttihafa fái notendaaðgang að vefsíðunni. Hafi stefnendur því ekki haft tækifæri til þess að kanna í þaula umfang skráarskipta á höfundaréttarvörðu efni meðal notenda torrent.is.

Það hljóð- og myndefni sem notendur síðunnar hafi fengið aðgang að og deilt með sér sé að langmestu leyti efni sem njóti höfundaréttarverndar, svo sem íslensk og erlend tónlist, kvikmyndir, sjónvarpsefni ýmiskonar og tölvuleikir, svo það helsta sé nefnt. Öll birting og dreifing á efni þessu sé án heimildar hlutaðeigandi rétthafa. Auk framangreinds hljóð- og myndefnis fari fram töluverð dreifing á vefsíðunni á tölvuforritum sem einnig njóti höfundaréttarverndar. Þannig hafi notendur síðunnar deilt sín í milli nýútkominni tónlist, stundum áður en til formlegrar útgáfu hennar

hefur komið, nýjum kvikmyndum sem verið er að sýna í kvikmyndahúsum hér á landi og íslenskum sjónvarpsþáttum sem framleiddir eru fyrir áskriftarsjónvarp, svo dæmi séu tekin. Vefsíðan hafi því verið vettvangur fyrir skipulögð og stórtæk höfundaréttarbrot. Að auki dreifi notendur vefsíðunnar sín í milli klámfefni og brjóti með því gegn almennum hegningarlögum, en ætla verði að stór hluti notenda síðunnar séu börn og ungmenni og klámfefnið því aðgengilegt þeim.

Í stefnu segir að stefnendur hafi ítrekað bent stefnda Svavari á að milliganga torrent.is til þess að birta og fjölfalda höfundaréttarvarið efni brjóti gegn höfundalögum og árangurslaust skorað á hann, meðal annars bréflega, að láta af þessari starfsemi. Stefnu hafi lýst því yfir að með milligöngu sinni brjóti þeir ekki höfundalög, það sé á ábyrgð notenda síðunnar að þeir hafi heimild til dreifingar á efni. Stefnu geri það hins vegar tæknilega mögulegt fyrir notendur síðunnar að deila með sér efni í gegnum leiðarþjón sem þeir starfrækja og sem tengir saman notendur vefsíðunnar, en það sé tæknileg forsenda þess að þeim sé kleift að skiptast á efni. Án starfrækslu stefndu á leiðarþjóninum og það sem honum tilheyrir væri notendum torrent.is ókleift að fá aðgang að og deila með sér efni sem nýtur höfundaréttarverndar. Að auki hafi stefndi Svavar lýst því yfir opinberlega að dreifing slíks efnis á vefsíðunni fari ekki á bága við lög.

Þegar í ljós var komið að framangreindar tilraunir stefnenda til þess að stöðva dreifingu höfundaréttarvarins efnis á vefsíðunni torrent.is báru ekki árangur og sökum aðgerðarleysis lögreglu hafi stefnendur sjálfir farið að kanna möguleika á að staðreyna umfang höfundaréttarbrotá á torrent.is. Þar sem stefnendum hafi verið bannaður aðgangur að vefsíðunni hafi verið leitað til einstaklinga sem höfðu aðgang að henni um aðstoð til þess að afla þessara upplýsinga. Hafi þá komið í ljós að nánast eingöngu sé um að ræða miðlun á efni sem nýtur höfundaréttarverndar og sem umbjóðendur stefnenda eru réttthafar að.

Þessu næst og á grundvelli útprentana af torrent.is í október og nóvember 2007 er staðhæft í stefnu að notendur vefsíðunnar hafi á þessu tímabili deilt sín í milli margvíslegu efni, sem allt njóti höfundaréttarverndar og sé í eigu umbjóðenda stefnenda. eru þar meðal annars nefndar 16 íslenskar kvikmyndir og 13 erlendar, 15 hljómdiskar með íslenskum og erlendum flytjendum og 15 sjónvarpsþættir. Réttthafar hafi ekki gefið leyfi til birtingar eða fjölföldunar á þessu efni meðal notenda torrent.is með þeim hætti sem fyrrgreindar útprentanir beri með sér. Af þeim sökum hafi stefnendur óskað eftir því við sýslumann að lagt yrði lögbann við starfrækslu vefsíðunnar www.torrent.is og því að stefndu gerðu notendum vefsíðunnar kleift að fá aðgang að og deila innbyrðis höfundaréttarvörðu hljóð- og myndefni sem umbjóðendur stefnenda eru réttthafar að. Að auki var þess krafist að sýslumaður tæki í sínar vörslur tölvur stefndu sem nýttar væru við starfrækslu vefsíðunnar. Hafi sýslumaður fallist á beiðni um lögbann 19. nóvember 2007, en hafnaði vörslusviptingarbeiðninni. Höfði stefnendur mál þetta til staðfestingar á lögbanninu og heimtu skaðabóta.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því að stefndu hafi ýmist sjálfir eða fyrir hlutdeild staðið að stórfelldum brotum á höfundarétti umbjóðenda stefnenda með því að halda úti vefsíðunni torrent.is í því skyni að skapa vettvang fyrir þúsundir einstaklinga til þess að skiptast með ólögumætum hætti á höfundaréttarvörðu hljóð- og myndefni, það er birta efnið og dreifa því án heimildar réttthafa. Þar sem samþykki þeirra réttthafa sem eru meðlimir í samtökum stefnenda skorti fyrir

Þessari birtingu og dreifingu efnis meðal notenda www.torrent.is sé um að ræða brot á höfundarétti rétthafanna, sem falli undir fébóta- og refsíabyrgð höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingu. Vísar stefnendur um þetta til 3. gr. laganna, en samkvæmt því ákvæði hafi höfundur einkarétt á að gera eintök af verki sínu og birta það. Verk teljist birt þegar það er með réttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út, sbr. 2. gr. laganna og ákvæði 3. gr. tilskipunar 2001/29/EB, sem tekin hafi verið upp í EES-samninginn. Ákvæði tilskipunarinnar vísi til birtingar á netinu. Það að setja hljóð- eða myndefni á netið þannig að það verði aðgengilegt almenningi teljist birting í skilningi höfundalaga og sé birting ólögumæt ef ekki nýtur við heimildar frá rétthafa. Grannréttindi veiti sömu réttindi til flytjenda, það er til eintakagerðar og dreifingar á flutningi, sbr. 2. mgr. 45. gr. höfundalaga, og framleiðenda, sbr. 2. mgr. 46. gr. laganna, það er til eftirgerðar og dreifingar á hljóðritum og myndritum. Upp- og niðurhal á hljóð- og myndefni af netinu teljist vera eintakagerð í skilningi höfundalaga. Samkvæmt 46. gr. laganna sé eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómsplata, óheimil án samþykkis framleiðanda uns 50 ár eru liðin frá gerð frumupptökunnar. Af þessu leiði að sú dreifing á höfundaréttarvörðu hljóð- og myndefni sem eigi sér stað á www.torrent.is án samþykkis rétthafa sé skýlaust brot á framangreindum einkarétti til dreifingar efnisins.

Með vísan til framanritaðs halda stefnendur því fram að bersýnilegt sé að birting og dreifing notenda að www.torrent.is á höfundaréttarvörðu hljóð- og myndefni umbjóðenda stefnenda sé brot á höfundalögum nr. 73/1972 og varði bæði refsingu og fébótaábyrgð samkvæmt þeim.

Með því að reka, stjórna og nota www.torrent.is hafi stefndu brotið gegn framangreindum ákvæðum höfundalaga. Hvað svo sem þeirra eigin birtingu og deilingu á höfundaréttarvörðu efni líður þá hafi stefndu, með því að hvetja notendur að www.torrent.is til að birta og deila með sér höfundaréttarvörðu efni, orðið hlutdeildarmenn í framangreindum brotum notenda vefsíðunnar, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá tiltaka stefnendur sérstaklega að af 8. gr. höfundalaga leiði að stefndu verði að sýna fram á að þeir hafi haft heimild til þess að standa fyrir dreifingu á framangreindu höfundaréttarvörðu efni. Stefnendur þurfi einungis að sýna fram á höfundarétt sinn að efninu.

Við ákvörðun um hvort skilyrði lögbanns hafi verið uppfyllt beri að hafa í huga að tilskipun 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinnna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu hafi verið tekin upp í EES- samninginn og efnislega innleidd í gildandi höfundalög. Vísar stefnendur til þess að 8. gr. tilskipunarinnar hafi þýðingu við úrlausn málsins. Sambærileg ákvæði séu meðal annars einnig í samningi Íslands um Alþjóðaviðskiptastofnunina, sbr. fylgisamning um hugverkarétt í viðskiptum (e. Trade Related Aspects of Intellectual Property Rights). Inntak framangreindra ákvæða sé að tryggja að ekki séu gerðar um of íþyngjandi kröfur til rétthafa höfundarvarins efnis við að vernda réttindi sín, meðal annars með lögbanni.

Stefnendur benda sérstaklega á að réttarreglur um refsingar og/eða skaðabætur úr hendi gerðarþola tryggi með engu móti þá fjárhagslegu hagsmuni sem hér um ræðir. Í því efni skipti öllu máli að fjárhagslegt tjón af ólögumætri dreifingu á

höfundaréttarvörðu efni í gegnum www.torrent.is skipti hundruðum milljóna króna og bersýnilegt sé að stefndu hafa ekki fjárhagslega getu til að standa undir greiðslu fullra skaðabóta til tjónþola. Önnur úrræði en lögbann hafi ekki verið stefnendum fær svo sem hér stendur á.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telja stefnendur ótvírætt að skilyrðum lögbanns samkvæmt 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrretningu, lögbann o.fl. hafi hér verið verið fullnægt og því beri að staðfesta lögbannsgærd sýslumannsins í Hafnarfirði 19. nóvember 2007.

Stefnendur halda því fram að háttsemi stefndu hafi valdið þeim fjártjóni. Með því að starfrækja vefsíðuna www.torrent.is gagnert í því skyni að gera notendum hennar kleift að skiptast á höfundaréttarvörðu hljóð- og myndefni án heimildar rétthafa hafi rétthafarnir orðið fyrir verulegu fjártjóni, enda hafi fjölföldun og dreifing efnisins án greiðslu til rétthafa leitt til tekjutaps fyrir þá. Hins vegar sé ógerlegt að leggja nákvæmt mat á fjárhagslega stærð tjónsins. Sé þess því krafist að dómurinn meti skaðabætur að álitum, enda séu skilyrði til þess uppfyllt með því að sýnt hafi verið fram á að bótagrundvöllur sé fyrir hendi og að bótakrefjandi hafi orðið fyrir tjóni. Við ákvörðun bóta verði annars vegar að hafa í huga það tjón sem rétthafar hafi orðið fyrir vegna missis tekna vegna hinnar ólöglegu dreifingar og hins vegar þeirra tekna sem stefndu hafa haft af hinnar ólögsmætu starfsemi. Til vara er gerð sú krafa að viðurkennt sé með dómi að stefndu séu skaðabótaskyldir gagnvart stefnendum. Telja stefnendur í öllu falli skilyrði til slíks viðurkenningardóms, enda sé hinu meinta tjóni lýst í stefnu með nægilega glöggum hætti og sýnt fram á í hverju það sé fólgið. Því sé fullnægt áskilnaði e. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýran og glöggan málatilbúnað.

Um aðild vísa stefnendur til 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. og almennra reglna um umboð og dómvenju um málsóknarumboð höfundaréttarsamtaka fyrir hönd félagsmanna sinna.

II.

Í greinargerð segir að Istorrent ehf. sé félag sem stofnað hafi verið í kringum frjáls skráarskipti yfir Internetið. Félagið hafi rekið samfélagið Istorrent og vefsíðuna www.torrent.is frá október 2007 og allt þar til sýslumaðurinn í Hafnarfirði lagði lögbann á starfsemi vefsins 19. nóvember sl. Stefndi Svavar sé einn af eigendum Istorrent ehf. og starfsmaður fyrirtækisins. Hann hafi verið einn af þeim aðilum sem önnuðust rekstur vefsíðunnar www.torrent.is áður en stefndi Istorrent ehf. tók við rekstri hennar.

Stefndu mótmæla málsatvikalýsingu stefnenda hvað varðar flest meginatriði. Þannig séu tæknilegar skýringar stefnenda ófullnægjandi og rangar, en slíkar skýringar hafi þýðingu fyrir lagalega stöðu aðila. Öllum fullyrðingum um ólögsmæta hegðun stefndu er sérstaklega mótmælt.

Þeirri fullyrðingu að stefndu geri engan greinarmun á frjálsum skráarskiptum og ólögsmætum brotum á höfundarétti er mótmælt sérstaklega. Hið rétta sé að í reglum stefnda Istorrent ehf. séu hvers konar brot gegn höfundarétti bönnuð, sem og önnur lögbrot. Það sé einfaldlega rangt að öll skráarskipti séu ólögleg eða feli í sér brot á höfundarétti þar til annað sé sannað. Öll samskipti á netinu byggist á því að

upplýsingar fari á milli notenda og einungis hluti þeirra upplýsinga sé varinn höfundarétti.

Skráarskipti á Internetinu sé það kallað þegar einn notandi þess sendir öðrum notanda Internetsins gögn með rafrænum hætti. Skráarskipti geti átt sér stað með margvíslegum leiðum og tækni, til dæmis með venjulegum tölvupósti eða samskiptaforritum líkt og MSN og með milligöngu spjallrása (IRC). Einnig fari skráarskipti fram með aðstoð símtækja, til dæmis GSM síma. Ein leið til að skiptast á skráum sé með þar til gerðum vefsíðum, líkt og www.torrent.is, en þar sé tækni sem nefnd hafi verið BitTorrent tækni, notuð við skráarskiptin. Margvíslegar leiðir séu þannig færar fyrir notendur nútímataækni til að fá aðgang að og deila hljóð- og myndefni.

Því verði ekki neitað að sumir notendur Internetsins brjóta gegn lögum um höfundarétt. Notendur www.torrent.is hafi verið um 26.500 þegar umrætt lögbann var sett á og ekki sé hægt að fullyrða að öll skráarskipti þeirra hafi verið í samræmi við höfundaréttarreglur. Slíkt mál hafi komið upp hjá Istorrent ehf. eins og flestum eða öllum fyrirtækjum sem veita þjónustu yfir Internetið. Óhjákvæmilegt sé til dæmis annað en Síminn hf., Vodafone ehf. og Hive ehf. hafi lent í því að tæknibúnaður þeirra og vefsíður hafi verið notaður við skráarskipti sem brotið hafi höfundarétt.

Í hvert skipti sem Istorrent ehf. barst lögleg tilkynning frá rétthafa um að einhver notandi www.torrent.is væri að dreifa því með tilstuðlan vefsíðunnar án leyfis rétthafans hafi verið brugðist við eins skjótt og mögulegt var og slíkt efni fjarlæggt af vefsíðunni. Reglur vefsíðunnar séu skýrar og brot á þeim reglum ekki liðin. Að mati stefndu sé ekki hægt að gera ríkari kröfur á Istorrent ehf. og aðra þjónustuveitendur Internetsins til þess að koma í veg fyrir hugsanleg brot notendanna á höfundarétti.

Fullyrðingu stefnenda um að þeir hafi ekki haft aðgang að vefsvæði stefnda þegar lögbannskrafan var sett fram er mótmælt. Á þeim tíma hafi ekkert verið í reglum eða skilmálum Istorrent ehf. sem takmarkað hafi rétt stefnenda til þess að nýta sér þá þjónustu til samskipta og skráarskipta við jafningja sem finna má á vefsvæðinu www.torrent.is. Tilvitnanir í eldri reglur hafi hér enga þýðingu. Það komi einnig fram í fylgiskjölum með lögbannskröfunni að stefnendum hafi þá verið vel kunnugt um að slíkar reglur væru ekki lengur í gildi. Þegar þær voru í gildi hefðu þær verið settar af tillitsemi við einkalíf notenda. Við endurskoðun á skilmálum og reglum Istorrent ehf. í byrjun október 2007 hafi almennt ákvæði um einkalíf notenda verið sett í stað þess. Frá þeim tíma hafi öllum verið velkominn aðgangur að vefsíðunni svo framarlega sem fylgt væri skilmálum og reglum hennar.

Ásakanir um dreifingu klámefnis til ungmenna séu vart svaraverðar enda engum gögnum studdar. Telji stefnendur sig búa yfir upplýsingum um hegningarlagabrot beri þeim að tilkynna það til lögreglu. Slíkar ásakanir hafi áður verið rannsakaðar af lögreglu, sem ekki hafi talið ástæðu til þess að aðhafast frekar, enda hvorugur stefndu ábyrgur fyrir hugsanlegum lögbrotum þriðja aðila. Auk þess sé allt efni sem hugsanlega gæti sært blygðunarkennd yngri notenda aðeins aðgengilegt notendum 18 ára eða eldri. Verði því að telja að hér sé um frekari rangfærslur að ræða af hálfu stefnenda og tilraun til þess að meiða mannorð stefndu.

Þessu næst er í greinargerðinni fjallað um tæknilega hlið BitTorrent samskiptastaðalsins. Þykir rétt að taka þá umfjöllun hér upp í heild sinni. Í greinargerðinni segir svo um þetta:

„Um BitTorrent:

BitTorrent er samskiptastaðall sem nýtir jafningjanet til að flytja mikið gagnamagn án þess að upphafsmannskjan þurfi að taka á sig allan þungann við að dreifa því. Um leið og einhver er kominn með ákveðinn bút af efni er hann um leið að bjóðast til þess að hjálpa til við að dreifa honum. Álagið dreifist eftir því sem fleiri eru komnir með bútinum. Þeir sem eru komnir með alla búтана kallast deilendur en hinir sækjendur. Allir aðilar sem taka þátt í ferlinu kallast jafningjar. Öll samskiptin eru í höndum ákveðinna forrita sem bjóða upp á stuðning við BitTorrent staðalinn.

Deiliskrár:

Deiliskrá inniheldur upplýsingar um gagnabeininn sjálfan og auk þess upplýsingar um efni tiltekinna skráa (“metadata”), sem innihalda efnið sjálft. Deiliskráin er útbúin af þeim aðila sem ætla að dreifa efninu (upphafsaðili eða “A”) en deiliskráin sjálf inniheldur ekki efnið sjálft heldur aðeins upplýsingar um það. Upphafsaðilinn setur einnig inn tilkynningaslóð en hún beinist að þeim stað á Internetinu þar sem gagnabeinarnir eru staðsettir. Upphafsaðili kemur deiliskrá á framfæri, t.d. með því að setja hana á Internetið eða koma henni á einhvern annan hátt í hendur annarra. Hver sem kemst síðan yfir deiliskrána notar tilkynningarslóðina sem fylgir henni til að hafa samband við gagnabeinana til þess að sækja efnið sjálft.

Gagnabeinar:

Til að samskipti milli jafningja geta farið fram þurfa þeir að vita af hver öðrum en þar koma gagnabeinar inn í myndina. Gagnabeinirinn heldur um upplýsingarnar sem jafningjar þurfa á að halda til að geta haft samband við hvern annan. Þegar einhver (“B”) hefur áhuga á að sækja ákveðið efni og rekst á deiliskrána, þá sækir B hana og notar hana til að hafa samband við gagnabeininn. Gagnabeinirinn lætur B vita að A er einnig jafningi og hversu mikið af efninu hann hefur ásamt því að afhenda nauðsynlegar upplýsingar til að B geti haft samband við hann á eigin vegum til að ná í efnið. Gagnabeinirinn, t.d. vefsíðan www.torrent.is sem rekin er af stefnda Istorrent ehf., hefur því eingöngu hlutverk upplýsingaveitu og þarf því ekki að geyma búтана sjálfa né vita hvert innihald þeirra er. Allir jafningjar láta gagnabeininn vita reglulega að þeir séu enn þá virkir og hversu mikið efni þeir hafa. Sum forrit sem bjóða upp á BitTorrent stuðning geta einnig gegnt hlutverki gagnabeina.

Dreifingin:

Gefum okkur að A hafi heilt eintak af efni sem spannar 2000 búta og hefur haft samband við gagnabeininn þar sem hann skráir sig sem jafningja. B hefur áhuga á að ná í efnið og nær í deiliskrána. Þegar B skráir sig sem jafningja fær hann upplýsingar um að A sé [jafningi] og hafi allt efnið. B tekur sig til og ákveður að ná fyrst í búta nr. 1, 302, 1423 og 1872. Nú bætist aðili C inn í hópinn eftir að hafa

fengið upplýsingar um A og B frá gagnabeininum og spyr B hvaða búta hann hefur. C þarf ekki að spyrja A í þessu tilviki frekar en hann vill þar sem gagnabeinirinn tilkynnti að A hefði alla búтана. Nú hefur C um tvo staði að velja þegar hann óskar eftir bútanum sem B hefur en eingöngu einn fyrir aðra búta. Þá getur C sótt frá bæði A og B á sama tíma og fær því betri hraða ásamt því að A þarf ekki að sjá um að dreifa því sem C nær frá öðrum aðilum. Eftir því sem að fleiri bætast við jafningjalistann því meiri bandvidd er í boði til dreifa bútum.“

BitTorrent staðallinn sé alls ekki ólögmætur. Rétt lýsing á honum leiði í ljós að stefndi Istorrent ehf. og vefsíða fyrirtækisins er ekki beinn aðili að dreifingu efnis á Internetinu og að samskipti þeirra sem komast í samband í gegnum vefsvæði Istorrents ehf. eru á þeirra eigin ábyrgð. Istorrent ehf. geti ekki borið ábyrgð á hegðun notenda sem hafa samskipti í gegnum vefsvæði fyrirtækisins frekar en símafyrirtæki getur borið ábyrgð á því sem notendur þess ræða í samtölum sín á milli.

Sýknukrafa stefndu byggir í fyrsta lagi á því að gerðarbeiðendur eigi ekki aðild að lögbannsmálinu. Eins og áður greinir voru gerðarbeiðendur Samtök myndréttarhafa á Íslandi (SMÁÍS), Framleiðendafélagið SÍK, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) og Félag hljómplötuframleiðenda. Um aðild þeirra að lögbannsmáli gilda ákvæði 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. ákvæði 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. og 1. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Segir þar að félag eða samtök manna geti í eigin nafni rekið mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna eða lausnar undan tilteknum skyldum þeirra, enda samrýmist það tilgangi félagsins eða samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tekur til. Fyrir liggi dómur Hæstaréttar Íslands um túlkun þessara ákvæða í lögbannsmáli í dómi máli frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 575/2007. Hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að með kröfu um lögbannsgerð væri hvorki leitað viðurkenningar á rétti né lausn undan skyldu. Þegar af þeirri ástæðu geti gerðarbeiðendur ekki sótt stoð til umræddra lagaákvæða fyrir aðild sinni.

Stefnendur halda því fram að þeir sækja einnig stoð fyrir aðild sinni í umboð annarra aðila, félagsmanna sem annarra aðila. Verði að telja að tilraun þeirra til breytinga á aðild að lögbannsmálinu stafi af viðleitni þeirra til þess að forðast sýknu vegna aðildarskorts eftir að þeim var ljóst að nefndur dómur Hæstaréttar væri fordæmi fyrir aðildarleysi gerðarbeiðenda að lögbannsgerðinni. Tilraunir nýrra stefnenda til þess að koma í stað gerðarbeiðenda hafi ekki þýðingu við úrlausn um réttmæti lögbannsgerðarinnar. Geti slík ráðstöfun alls ekki veitt lögbannsgerð afturvirkta lögmæti hafi aðild verið ófullnægjandi við gerðina sjálfa. Staðfestingarmál um lögbann snúist um lögmæti lögbannsgerðarinnar og enda þótt 365-miðlum ehf. yrði talið heimilt að vera aðili að slíku máli hafi félagið ekki verið aðili að lögbannsgerðinni.

Við lögbannsgerðina hafi gerðarbeiðendur í lögbannsmálinu lagt fram eftirtalin umboð og þannig talið sig réttlæta aðild sína að málinu: Málsóknarumboð frá 365-miðlum ehf. til SMÁÍS dags. 15. nóvember 2007. Umboð frá Twentieth Century Fox Fim and Home entertainment til Snæbjarnar Steingrímssonar. Umboð frá Disney Enterprises Inc. til Snæbjarnar Steingrímssonar. Umboð frá Warner Bros Entertainment Inc. til Snæbjarnar Steingrímssonar. Umboð frá Paramount Pictures til Snæbjarnar Steingrímssonar. Umboð frá Universal Studios til Snæbjarnar

Steingrímssonar. Það sé hins vegar augljós misskilningur hjá gerðarbeiðendum að þessi umboð hafi einhverja þýðingu þar sem hvorki framangreind félög né Snæbjörn Steingrímsson persónulega séu á meðal gerðarbeiðenda. Að því er varðar umboðið frá 365-miðlum ehf. þá hafi áður komið fram að félagið er ekki meðal gerðarbeiðenda í málinu, en er samt sem áður stefnandi í staðfestingarmálinu. Fyrir dóminn hafi auk þess verið lögð fram málsóknarumboð frá ýmsum rétthöfum ótilgreinds efnis til gerðarbeiðendans SMÁÍS og stefnendanna FHF og SIK. Þau eigi það öll sammerkt að gefa móttakendum aðeins umboð til þess að koma fram fyrir sína hönd. Umboðin veiti þannig ekki, samkvæmt orðanna hljóðan, móttakendum umboð til þess að krefjast lögbanns eða höfða dómsmál í eigin nafni heldur aðeins fyrir hönd viðkomandi réttshafa. Framlagning umboðanna réttlæti því alls ekki aðild gerðarbeiðenda sjálfra að lögbannsgerðinni eða stefnenda í staðfestingarmálinu.

Einnig er vísað til þess að enda þótt aðili að sakarefni kunni að veita einstaklingi eða lögaðila umboð til þess að reka mál fyrir sína hönd þá beri þeim er telja sig eiga viðkomandi hagsmunum engu að síður að koma fram í sínu eigin nafni í dómsmálinu. Að öðrum kosti geti það reynst örðugt eða ómögulegt fyrir stefnda að henda reiður á það hver gerir kröfu á hendur honum og hvers vegna. Þeir aðilar sem telja sig verða fyrir skaða af því athæfi sem lögbanninu er beint gegn hafi ekki krafist þess að það yrði lagt á og því sé aðild að þessu máli röng.

Varðandi aðild STEFs að dómsmálinu sé vísað til dómvenju. Ekki sé vísað í tiltekin fordæmi og af hálfu stefndu sé þessari meintu dómvenju hafnað. Hún geti í öllu falli ekki breytt fordæmi Hæstaréttar í máli nr. 575/2007 og skýrri kröfu laganna um að réttshafi höfundaréttarvarins efnis skuli krefjast lögbanns í eigin nafni telji hann þörf á því á annað borð. Með stoð í túlkun Hæstaréttar telja stefndu það óbyggjandi að einungis réttshafar þess efnis sem stefnendur telja að stefndu eigi þátt í að dreifa séu réttir aðilar að kröfu um lögbann vegna þess efnis. Ekkert þeirra samtaka sem hér eru gerðarbeiðendur, það er Samtök myndréttarhafa á Íslandi (SMÁÍS), Framleiðendafélagið SÍK, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) og Félag hljómplötuframleiðenda, geti réttilega átt aðild að slíku máli í eigin nafni. Hafi sýslumanni því þegar af þeirri ástæðu borið að synja kröfu gerðarbeiðenda um lögbann og af sömu ástæðu beri dómstólum að hafna kröfu um staðfestingu lögbanns og sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda.

Varðandi aðild málsins varnarmegin þá byggir stefndi Svavar einnig á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála. Að sögn stefnenda og gerðarbeiðenda stafi aðild hans af því að vefslóðin www.torrent.is sé skráð á nafn hans hjá ISNIC, það er Internet á Íslandi ehf. Er þeirri fullyrðingu gerðarbeiðenda mótmælt, enda sé umrædd vefslóð skráð á stefnda Istorrent ehf.

Stefndu byggja einnig sýknukröfu sína á því að hin meintu réttarbrot séu ósönnuð með öllu og ósannað sé að starfsemi umræddrar vefsíðu hafi brotið á lögvörðum hagsmunum gerðarbeiðenda.

Í stefnu sinni ásaki stefnendur stefndu um að hafa staðið fyrir stórfelldum brotum gegn höfundarétti, ýmist sjálfir eða með hlutdeild. Því sé einfaldlega mótmælt sem röngu að stefndu hafi stundað nokkra athöfn sem brjóti í bága við íslensk lög eða rétt gerðarbeiðenda eða stefnenda. Rekstur vefsvæðisins www.torrent.is feli ekki í sér ólöglegt athæfi og hvergi sé sú fullyrðing, að stefndu stundi brot gegn

höfundarétti stefnenda, studd rökum. Hvorki stefndi Svavar né stefndi Istorrent ehf. hafi dreift höfundaréttarvörðu efni á nokkurn hátt, án leyfis rétthafa, og óljóst sé hvað stefnendur eigi við þegar þeir varpi fram slíkri ásökun án nokkurra gagna um hin meintu brot.

Stefndu hafna því að útprentanir sem stefnendur hafa lagt fram í málinu og segja komnar af vefsvæði www.torrent.is hafi sönnunargildi í málinu. Benda stefndu á að þessar útprentanir hafi ekki verið teknar beint af vefsvæðinu heldur séu þau gögn sem hér um ræðir prentuð átta dögum eftir að meint brot eiga að hafa átt sér stað og hafi þau væntanlega verið á hörðum diskum sem verið hafi stefnendum aðgengilegur á meðan. Hið eina sem tengi þessi prentverk við stefndu sé auglýsing í einu horni skjalanna. Ef um rétt eftirrit gagna sé að ræða séu þau einungis upplýsandi um háttsemi notandans „kraft150“, sem virðist hafa stundað bæði upp- og niðurhal á efni. Gögnin sanni hins vegar ekki að stefndu hafi haft vitneskju um það sem viðkomandi notandi gerði eða veitt honum nokkra aðstoð eða hvatningu. Virðist því sem umrædd gögn eigi frekar heima í málatilbúnaði gegn þessum aðila.

Því er mótmælt að rekstur vefsíðunnar www.torrent.is teljist í sjálfu sér birting eða dreifing á efni. Eins og fram komi í tæknilegum lýsingum beggja aðila á BitTorrent stöðlum sé sá sem starfrækir vefsíðuna hvorki að stunda upp- né niðurhal. Upp- eða niðurhal fari fram milli notenda síðunnar og sé það efni sem um ræðir aldrei hýst á síðunni eða aðgengilegt beint frá henni. Sú staðreynd að einn eða fleiri notendur vefsvæðis www.torrent.is hlaða niður efni eða dreifa því megi með engu leyti leggja að jöfnu við það að stefndu geri það. Því sé þeirri lögskýringu með öllu hafnað að beita eigi öfugri sönnunarbyrði samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1972 um höfundarétt. Það ákvæði eigi aðeins við um aðila sem dreifa eða flytja verk í umtalsverðu magni og ekki liggi fyrir að stefndu hafi flutt eða dreift einu einasta höfundaréttarvörðu verki án leyfis viðkomandi rétthafa.

Hvað varðar ásakanir um hlutdeild í dreifingu höfundaréttarvarins efnis sé væntanlega verið að vísa til hlutdeildar í skilningi 22. gr. almennra hegningarlaga 19/1940. Í fyrsta lagi er bent á að engar sannanir liggi fyrir að um raunverulega dreifingu hafi verið að ræða á umræddu efni. Ekki geti heldur verið um hlutdeild að ræða nema ásetningur til liðsinnis eða hvatningar hafi verið til staðar. Stefndu neita því með öllu að slíkt liðsinni hafi verið veitt eða hvatt til brota og benda á að í reglum og skilmálum vefsins sé slíkt ólöglegt afhæfi fordæmt og það geti leitt til þess að stjórnendur vefsvæðisins beiti refsingum gegn þeim sem uppvisir verða að slíkum brotum. Það sé rétt að stefndu hafa bæði innan umrædds vefsvæðis og í fjölmiðlum hvatt til frjálsra skráarskipta, en slík skráarskipti séu ekki ólögleg í sjálfu sér, eins og áður sagði, og með hvatningu til skráarskipta sé einungis átt við dreifingu á efni sem dreifandi hefur lagalegan rétt til þess að dreifa.

Notendur www.torrent.is hafi verið yfir 26.500 þegar stefnendur kröfðust lögbanns, en stjórnendur vefsins séu fáeinir sjálfboðaliðar sem gefið hafi vinnu sína að mestu leyti. Istorrent ehf. hafi í starfsemi sinni haft skýrar reglur sem bönnuðu brot gegn höfundarétti og þeim reglum hafi verið framfylgt eftir fremsta megni. Krafa stefnenda sé hins vegar sú að stefndu annist það verk af sjálfsdáðum að rannsaka allt efni sem notendur dreifa í gegnum vefsvæði þeirra. Þessi krafa sé ekki einungis óframkvæmanleg, hún sé einnig óverjandi frá sjónarmiði friðhelgi einkalífsins. Stefndu benda einnig á að höfundaréttur sé takmarkaður með margvíslegum hætti, sbr. 2. kafli höfundalaga. Aldrei sé hægt að útiloka að þær takmarkanir eigi við um

Það efni sem notendur umræddrar vefsíðu deildu sín á milli. Til að mynda sé samkvæmt 14. gr. höfundalaga leyfilegt að vitna til höfundaréttarvarins verks í tengslum við almenna kynningu þess.

Gerðarbeiðendur og stefnendur byggja mál sitt á því að hver sá sem veitir tæknilega þjónustu sem sé misnotuð beri á því fulla ábyrgð, óháð því hvort reglur séu fyrir hendi sem banna slíka notkun og hvort þeim reglum sé framfylgt. Svo virðist sem stefnendur telji það skyldu stefndu að sinna hlutverki löggæslufirvalda og ef stefndu standi sig ekki nægilega vel í því starfi nægi það til þess að þeir séu samsekir þeim sem brotin fremja. Þessari skoðun sé alfarið hafnað. Löggæsla og rannsóknir á lögbrotum séu réttilega í höndum lögreglu og ekki hægt að gera þá kröfu til einkaaðila að þeir sinni slíkum skyldum, en séu að öðrum kosti samsekir glæpamönnum.

Stefndu telja óréttmætt að ásaka þá um hlutdeild vegna þess að tæknilegur búnaður Istorrent ehf. gerði þriðja aðila mögulegt að brjóta gegn höfundarétti. Með þeim rökum sem stefnendur beita um ábyrgð stefndu á hegðun allra notenda vefsvæðisins www.torrent.is megi gera sömu kröfur á öll fyrirtæki sem veita einhverskonar aðgang að Internetinu eða þjónustu í samskiptum sem þar fara fram. Sambærileg röksemdafærsla væri að saka Símann hf. eða annað þjónustufyrirtæki á sviði gagnamiðlunar um hlutdeild í öllum lögbrotum sem fara fram yfir fjarskiptanet þeirra. Með rökum stefnenda megi loka fyrir alla Internet- og símaþjónustu í landinu. Með sömu rökum megi loka fyrir fjarskipti almennt og sé þá meðtalið útvarp og sjónvarp. Einnig væri hægt að saka bókasöfn um að lána út eintök sem gætu verið ólöglega fjölfölduð af þeim sem taka þau að láni.

Reglur um hlutdeild megi ekki teygja á þann hátt sem hér sé reynt. Takmörk hljóti að vera á ábyrgð einkaaðila að koma í veg fyrir að þjónusta þeirra sé misnotuð.

Ekkert í þeim gögnum sem fylgdu lögbannskröfu stefnenda til sýslumannsins í Hafnarfirði 19. nóvember 2007 bendi til þau brot gegn höfundarétti sem þar eru tíunduð. Fyrir liggja gögn sem bendi til að þessi brot hafi verið framin á vefsvæðinu www.torrent.is, en engin hlutlæg sakarregla sé til sem geri stefndu ábyrga fyrir aðgerðum óþekktra og ónafngreindra þriðju aðila meðal þeirra rúmlega 26.500 notenda sem gengist hafa undir það að hlýða reglum vefsvæðisins en standa síðan ekki við það. Ekkert liggja fyrir sem bendi til þess að stefndu hafi hvatt til þessara brota.

Sýknukrafa stefndu byggir einnig á því að ósannað sé að gerðarbeiðendur og/eða stefnendur hafi orðið fyrir tjóni eða muni verða fyrir tjóni vegna starfsemi umræddrar vefsíðu.

Í lögbannsbeiðni sé því haldið fram að tjón gerðarbeiðenda nemi samanlögðu verðmæti þeirra skráa sem aðgengilegar voru á www.torrent.is, 225.453.810 krónum. Þessi ótrúlega tala sé ekki studd neinum rökum og vandséð hvernig hægt sé að halda slíku fram. Samkvæmt skjalaskrá sé krafa þessi útfærð á sérstöku fylgiskjali með lögbannskröfunni, en ekkert slíkt skjal hafi þó fylgt kröfu gerðarbeiðanda eða legið fyrir við lögbannsgerðina. Hafi meint tjón af réttarspjöllum ekki legið fyrir þá hefðu skilyrði fyrir lögbanni ekki verið uppfyllt og því beri að aflétta því.

Ennfremur sé aðferðin við að reikna út meint tjón gerðarbeiðenda/ stefnenda dregin í efa. Ekki liggi fyrir gögn um hagnað stefnenda eða rétthafa fyrir og eftir tilkomu www.torrent.is. Það kunnir að stafa af því að tölur bendi alls ekki til þess að tjón sé fyrir hendi eða yfirvofandi. Að mati stefndu sé sala kvikmynda og tónlistar á Íslandi ekki minni eftir tilkomu www.torrent.is. Á stefnendum hvíli að sýna fram á annað.

Tengsl milli skráardreifinga á Internetinu, jafnvel ólögumtæm dreifingum á höfundaréttarvörðu efni, og tekjutaps rétthafa þeirra séu einfaldlega ekki svo bein sem stefnendur halda fram. Til séu kenningar hagfræðinga um að eftirspurn eftir niðurlöðnu efni dragi að mjög litlu eða engu leyti úr eftirspurn eftir aðgangsmiðum að kvikmyndum, eintökum af geisladiskum eða öðrum þeim vörum sem rétthafar selja. Í sumum tilvikum sé jafnvel talið að útbreiðsla efnis með skráarskiptum þjóni þeim tilgangi að auka eftirspurn eftir vöru rétthafa, á sama hátt og auglýsingar eða góð umræða. Gögn sem stefndu hafa lagt fram bendi til þess að stefnendur geti sennilega ekki sýnt fram á tjón af völdum vefsíðunnar www.torrent.is eða notenda hennar.

Þeirri fullyrðing stefnenda að í hvert skipti sem einhver hleður niður eintaki af höfundaréttarvörðu efni tapi rétthafi tekjum af því er því mótmælt sem órökstuddri og rangri. Hið raunverulega orsakasamband sé bæði flóknara og margbrotnara og alls óvíst að það sé viðkomandi rétthafa í óhag. Því verði slík fullyrðing, algerlega án rökstuðnings eða sannana, ekki notuð sem grundvöllur lögbanns- eða skaðabótakröfu. Með því verði ekki talið að stefnendur hafi sannað eða gert líklegt að þeir eða rétthafar verði/yrðu fyrir réttarspjöllum af starfsemi viðkomandi vefsíðu. Því séu skilyrði fyrir lögbanni ekki uppfyllt.

Til stuðnings því að veruleg réttarspjöll hafi ekki vofað yfir ef stefnendur hefðu kosið að leita dóms um kröfu sína í almennu einkamáli megi nefna að búið hafi verið að starfrækja umrætt vefsvæði í um það bil tvö og hálf ár, með fullri vitneskju gerðarbeiðenda og stefnenda, þegar krafist var lögbanns. Þess sé ekki getið í lögbannskröfunni hvaða hagsmunir færu forgörðum meðan beðið væri dóms og sem ekki hefðu farið forgörðum á þeim tíma sem stefnendur gátu beðið með að krefjast lögbanns.

Það hafi verið hægur leikur fyrir stefnendur að leita réttar síns á þann hátt sem ylli minni röskun á starfsemi stefnda Istorrent ehf. Þeim hafi staðið opin sá möguleiki á að gera skaðabótakröfu fyrir dómi eða einfaldlega að vinna með Istorrent ehf. að því að koma í veg fyrir meint brot gegn höfundarétti. Ekki hafi komið fram hvers vegna það var ekki nægileg trygging á réttindum rétthafa að tilkynna um þau til Istorrent ehf. og láta fjarlægja af vefsvæðinu það efni sem varið var höfundarétti. Gerðarpolar hafi samþykkt kröfu gerðarbeiðenda að þessu leyti við lögbannsgerðina, það er að reyna að koma í veg fyrir að notendur www.torrent.is fengju aðgang að og deildu höfundaréttarvörðu efni án leyfis rétthafa. Slíkt hafi áður nægt til þess að rétthafar nytu verndar fyrir ólögumtæm dreifingu, en á þetta hafi ekki verið látið reyna í þessu tilviki. Sé þetta eitt og sér nægilegt til þess að skilyrði 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o. fl. séu hér ekki uppfyllt.

Lögbannskrafan sé einnig of víðtæk, en nægilegt hefði verið að hún næði yfir gagnabeininn sjálfan til þess að hið meinta ólögumtæma athæfi hefði verið stöðvað.

Ónauðsynlegt sé að krefjast þess að lögbann sé sett á alla starfsemi vefsvæðisins þar sem ekkert liggi fyrir um að þeir hlutar starfseminnar séu til þess fallnir að valda gerðarbeiðendum réttarspjöllum.

Ennfremur benda stefndu á 2. tölul. 3. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o. fl. og þann mikla mun sem hér sé á hagsmunum málsaðila. Stefnendur hefðu haft marga aðra valkosti til þess að vernda þau réttindi sem um ræðir í málinu og ekkert liggi fyrir sem bendir til þess að þeir hefðu orðið fyrir verulegum réttarspjöllum hefðu þeir nýtt sér aðrar leiðir. Með lögbanni sé hins vegar öll starfsemi stefnda Istorrent ehf. hindruð og fyrirtækinu gert illmögulegt að standa straum af kostnaði vegna viðhalds tækjabúnaðar. Með lögbanni sé augljóslega vegið að tilvistarrétti stefnda Istorrent ehf. og verði að telja að hagsmunir félagsins vegi þyngra en hagsmunir stefnenda, sér í lagi þar sem stefnendum hafi ekki tekist að sýna fram á hvernig starfsemi fyrirtækisins geti leitt til réttarspjalla fyrir þá.

Í málinu hafa stefndu uppi málsástæður sem lúta sérstaklega að framkvæmda lögbannsgerðar. Þannig tiltaka þeir að þeim hafi ekki verið gefinn nægilegur tími til þess að kynna sér framlögð gögn og þannig gert óhægt um vik að taka til varna. Lögbannsbeiðnin hafi verið tekin fyrir fyrirvaralaust, en hún og fylgiskjöl hennar telji á annað hundrað blaðsíður. Hafi stefndu aðeins verið gefin um það bil ein klukkustund til að kynna sér gögnin, en það hafi verið alsendis ónægur tími til þess að gera sér fyllilega grein fyrir frambornum ásökunum og andmæla þeim með fullnægjandi hætti. Með þessu hafi andmælaréttur stefndu verið skertur og þegar af þeirri ástæðu beri dómstólum að hafna kröfu um staðfestingu á lögbannsgerðinni. Rök þau sem færð hafi verið fyrir þessum flýti standist ekki nokkra skoðun. Að sögn gerðarbeiðenda hefði tilkynning til stefndu haft það í för með sér að „[ella] væri gerðarþolum gert kleift að koma upp annarri vefsíðu til þess að halda hinu ólögmeta ástandi við, svo og að skjóta undan gögnum, tólum og tækjum sem þeir nota við réttarbrott á hagsmunum gerðarbeiðenda og í því sambandi afmá ummerki um not sín og umfangsmikla deilendur höfundaréttarvarins efnis og fleira [og hafa] verður í huga að fá gerðarþolar ráðrúm til geta þeir á örskotstundu að eytt öllum stafrænum tölvugögnum sínum og ummerki um umfang brotsins“. Þessi rök standist ekki. Hvort sem lögbannsbeiðni er samþykkt hratt eða hægt sé ennþá fyrir hendi möguleiki stefndu til þess að stofna aðra svipaða vefsíðu, ef þeir svo kysu, og þau sönnunargögn sem gerðarbeiðendur kváðust óttast að færu forgörðum eyddust sjálfkrafa þegar stefndu varð við beiðni fulltrúa sýslumanns um að slökkva á vefþjónum. Með öðrum orðum, enginn skaði hefði mögulega getað hlotist af því að gefa stefndu nægilegan tíma til þess að kynna sér málatilbúnað gerðarbeiðenda áður en ákvörðun um lögbann var tekin. Krafa gerðarbeiðenda um óvenjulega hraða málsmeðferð virðist eingöngu hafa þjónað þeim tilgangi að stuðla að því að ekki yrði hægt að mótmæla fullyrðingum þeirra eða krefjast sannana fyrir þeim.

Raunar verði ekki séð hvernig fulltrúi sýslumanns sá sér fært að samþykkja lögbannskröfuna án þess að krefjast frekari skýringa, til dæmis á meintu tjóni gerðarbeiðenda, sem sé vægast sagt vanreifað. Til dæmis hafi engin skjöl verið lögð fram til stuðnings meintu fjártjóni gerðarbeiðenda. Þá sé fjárhæð tryggingar alls ekki nægilega há þegar haft sé í huga að gerðarbeiðendur halda því fram að skaði þeirra nemi 225.453.810 krónum. _

Rekstur vefsíðunnar www.torrent.is brjóti ekki í bága við lög og þaðan af síður geti það verið ólöglegt að reka sambærilegar vefsíður, hvað svo sem „sambærilegt“ eigi að þýða í því samhengi. Enda þótt stefnendur beri að núverandi starfsemi www.torrent.is valdi þeim meintum réttarspjöllum geti þeir ekki haldið því fram að öll möguleg starfræksla umrædds vefsvæðis valdi þeim sjálfkrafa réttarspjöllum eingöngu vegna þess um hvaða aðila sé að ræða, án þess að sýna þurfi fram á að tengsl séu á milli athæfis stefndu og mögulegra réttinda stefnenda. Verði ekki séð með hvaða heimild stefnendur krefjast þess að stefndu hafi takmarkaðri rétt til atvinnufrelsis í framtíðinni en aðrir. Dómkrafan um bann við rekstri sambærilegrar vefsíðu stangast því á við rétt stefndu til atvinnufrelsis sem tryggður er í 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Óljóst sé hvort að íslensku höfundalögin verndi rétt þeirra höfunda sem stefnendur segja að meint réttarbrot stefndu beinist gegn. Það sé alls ekki sjálfgefið að allir erlendir höfundar séu verndaðir af íslensku höfundalögunum. Þau lög eigi aðeins við um verk eftir íslenska höfunda og höfunda innan EES-sambandsins, sbr. 1. mgr. 60. gr. höfundalaga. Einnig verndi þau verk höfunda frá þeim löndum þar sem gagnkvæmni er tryggð, sbr. 2. mgr. 60 gr. höfundalaga. Heimildin til útvíkkunar á gildissviði höfundalaga í 61. gr. a. þeirra sé of rúm og telja stefndu að hún feli í sér óheimilt framsal löggjafavalds. Bent er á að heimildin geri almenningi erfitt og jafnvel ómögulegt að henda reiður á gildissvið laganna. Auk þess er bent á að Bandaríkin hafi ekki staðfest gagnkvæma alþjóðasamninga um höfundarétti við Ísland eða sáttmálana kennda við Bern og Genf. Því virðist gagnkvæmniskilyrðið ekki uppfyllt gagnvart Bandaríkjunum.

Stefndu telja einnig að starfsemi www.torrent.is hafi verið leyfileg með hliðsjón af 14. gr. höfundalaga, sem heimili tilvitnun í höfundaréttarvarin verk í tengslum við almenna kynningu þeirra eða í öðrum viðurkenndum tilgangi.

Kröfu stefnenda um skaðabætur verði að hafna vegna þess að engin tilraun sé gerð af hálfu þeirra til þess að tengja meint tjón stefnenda við athæfi stefndu. Stefnendur leggi fram gögn sem þeir telja sýna að þriðji aðili noti umrætt vefsvæði til þess að brjóta gegn höfundarétti félagsmanna þeirra, en hvergi komi fram hvernig þær athafnir þriðja aðila baki stefnda skaðabótaábyrgð. Svo virðist sem stefnendur byggi ábyrgð stefndu á einhverskonar hlutlægri sakarreglu sem þeim hafi þó láðst að færa rök fyrir. Ákvæði 8. gr. höfundalaga eiga engan veginn við í þessu máli þar sem sú öfuga sönnunarbyrði, sem þar er mælt fyrir um, eigi einungis við um aðila sem flytja eða dreifa verulegu magni af verkum. Þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu styðji alls ekki að stefndu hafi gert annað hvort.

Í málinu færa stefndu fram eftirfarandi rök fyrir bótakröfum sínum.

Lögbann á starfsemi stefnda Istorrent ehf. valdi skiljanlega miklum kostnaði og tekjutapi. Öll starfsemi félagsins liggja niðri og þar sem frjáls framlög, vefverslun og auglýsingasala séu helstu tekjulindir þess sé það sérstaklega viðkvæmt fyrir slæmri umfjöllun í fjölmiðlum. Erfitt sé að meta tjón ef lögbannið veldur því að traust gagnvart fyrirtækinu tapast og hætta sé á að langt lögbann geti valdið varanlegu tjóni á rekstrarmöguleikum vefsvæðisins. Internetið sé vaxandi atvinnuvegur í þjóðfélaginu og jafnvel vefsíður sem stofnaðar eru upphaflega í öðrum tilgangi geti haft miklar tekjur af auglýsingasölu. Enda þótt Istorrent ehf. hafi ekki verið stofnað

Í hagnaðartilgangi hafa vinsældir vefsíðunnar www.torrent.is verið slíkar að ástæða hafi þótt til þess nýlega að hefja sölu á auglýsingum. Með lögbanninu sé félagið svipt möguleikum sínum á því að nýta desembermánuð til þess að ávinna sér sess á auglýsingamarkaðinum. Þar sem yfir 26.500 notendur séu að vefsvæðinu og umferð um það nái í sumum tilvikum allt að 75% af innanlandsútfærslu vefsins á Íslandi, að sögn talsmanns gerðarbeiðanda, megi ætla að auglýsingar þar yrðu bæði vinsælar og tekjur af þeim miklar. Skaðabótakrafa stefndu sé því ekki einungis byggð á þeim beina kostnaði sem á þá hefur fallið heldur einnig þeim tekjum sem þeir verða af og kunna að verða af í framtíðinni. Langtímaáhrif þess að keppinautar geti náð forskoti yfir hátíðarnar séu illmælanleg og ljóst megi vera að fjölmiðlaumfjöllun stefnenda sé einnig til þess fallinn að skaða lánstraust og viðskiptavild stefnda Istorrents ehf. Einnig sé um að ræða mikinn miska fyrir aðstandendur félagsins, sem hafi verið ásakaðir um glæpi án þess að fótur sé fyrir slíkum fullyrðingum. Í ljósi þessa verði fram komin bótakrafa stefnda Istorrent ehf. að teljast hæfileg.

Stefndi Svavar Lúthersson hafi einnig orðið fyrir miska og sé fjölmiðlaumfjöllunin til þess fallin að skaða mannorð hans og atvinnumöguleika í framtíðinni. Hann hafi orðið fyrir launamissi og auk þess fylgi lögbanninu óþægindi í persónulegu lífi hans.

Framangreindar skaðabótakröfur eru settar fram með tilvísun til 7. kafla laga nr. 31/1990 og hafðar uppi til sjálfstæðs dóms, sbr. heimild í 1. mgr. 43. gr. laganna.

III.

Í máli þessu reynir á það álitaefni hvort og þá með hvaða hætti íslensk lög mæli fyrir um ábyrgð milligönguaðila þegar höfundaréttarvörðu efni er dreift með rafrænum hætti á alnetinu án þess að fyrir liggi samþykki rétthafa. Í grundvallaratriðum er málalátillit stefnenda og stefndu byggður á mismunandi afstöðu til þess hvort og þá hvernig ákvæði höfundalaga nr. 73/1972, og eftir atvikum óskráðar reglur skaðabótaréttar, leysa úr því álitaefni. Þá er vísað af hálfu stefnenda til hlutdeildarákvæðis 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og því haldið fram að það eigi hér við beint eða fyrir lögjöfnun. Við munnlegan flutning málsins vísaði lögmaður stefndu til laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Var því haldið fram án sérstakrar skýringar að lögin stæðu því í vegi að stefndu væru að lögum ábyrgir fyrir þeirri deilingu á ætluðu höfundaréttarvörðu efni sem kröfur stefnenda lúta að. Af hálfu aðila máls þessa hefur að öðru leyti ekki verið reifað hvaða þýðingu lög nr. 30/2002 hafa fyrir úrlausn þess. Um þau er ekkert fjallað í stefnu eða greinargerð.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 30/2002 gilda þau um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Í 2. gr. laganna er rafræn þjónusta skilgreind á þann veg að um sé að ræða þjónustu sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega. Í almennum athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2002 er þó tekið fram að þjónusta sem ekki er veitt gegn endurgjaldi frá þjónustuþega geti fallið undir hugtakið, enda feli hún í sér atvinnustarfsemi. Þannig geti þjónusta, sem feli í sér upplýsingagjöf sem fjármögnuð er með auglýsingum, fallið undir hugtakið. Einnig geti þjónusta sem felst í leit að gögnum eða aðgengi að þeim talist til rafrænnar þjónustu, jafnvel þótt sá sem biður um leitina eða aðgengið greiði ekki fyrir þjónustuna. Þessu næst segir

svo í athugasemdunum: „Samkvæmt þessu telst eftirtalið til rafrænnar þjónustu, enda felur hún í sér atvinnustarfsemi: upplýsingaþjónusta á netinu, aðgangþjónusta á netinu, flutningur gagna um netið, hýsing gagna, SMS-skilaboð, WAP-þjónusta og leitarþjónusta á netinu.“ Með þjónustuþega er samkvæmt 2. gr. laganna átt við einstakling eða lögpersónu sem í atvinnuskyni eða í öðrum tilgangi nýtir sér rafræna þjónustu, en þjónustuveitandi er einstaklingur eða lögpersóna sem lætur í té rafræna þjónustu.

Í V. kafla tilvitnaðra laga er í ákvæðum 12.-14. gr. fjallað með ítarlegum hætti um takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda vegna „miðlunar“, „skyndivistunar“ og „hýsingar“. Í 1. mgr. 12. gr. segir að þjónustuveitandi sem miðlar gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet eða veitir aðgang að fjarskiptaneti beri ekki ábyrgð vegna miðlunar gagnanna að því tilskildu að þjónustuveitandinn: 1. eigi ekki frumkvæði að miðluninni, 2. velji ekki viðtakanda þeirra gagna sem er miðlað, og 3. velji hvorki né breyti þeim gögnum sem er miðlað. Í 2. mgr. 12. gr. er síðan tekið fram að 1. mgr. gildi um sjálfvirka, millistigs- og skammtímageymslu þeirra gagna sem eru flutt að því tilskildu að: 1. geymslan sé óhjákvæmileg vegna miðlunar, og 2. gögnin séu ekki geymd lengur en nauðsynlegt er vegna miðlunar. Í 13. gr. laga nr. 30/2002 er nánar fjallað um takmörkun ábyrgðar vegna skyndivistunar.

Í 14. gr. laga nr. 30/2002 er sérstaklega fjallað um takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar. Er í 1. mgr. greinarinnar mælt fyrir um það að þjónustuveitandi sem hýsir gögn sem látin eru í té af þjónustuþega beri ekki ábyrgð á þeim að því tilskildu að hann fjarlægji þau eða hindri aðgang að þeim eftir að hann hefur fengið vitneskju um að sýslumaður hafi lagt lögbann við hýsingu gagnanna eða dómur hafi fallið um brottfallingu þeirra eða hindrun aðgangs að þeim. Hið sama á við ef þjónustuveitandi fær tilkynningu um meint brot gegn ákvæðum höfundalaga, en í 15. gr. laganna er tíundað hvernig slík tilkynning skal úr garði gerð. Í 2. mgr. 14. gr. er síðan mælt fyrir um það að ákvæði 1. mgr. um takmörkun ábyrgðar gildi ekki þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitanda.

Í inngangskafli almennra athugasemda sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2002 segir svo um ábyrgð milligönguaðila: „Til að eyða lagalegri óvissu og til að tryggja samræmi á milli aðildarríkja er kveðið á um takmörkun á ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milligönguaðilar, þ.e. þeirra sem veita aðgang að fjarskiptaneti, miðla gögnum um fjarskiptanet eða hýsa gögn sem þjónustuþegi lætur í té. Kveðið er á um þá meginreglu að milligönguaðilar skuli ekki bera ábyrgð á innihaldi þeirra gagna sem þeir hýsa eða miðla, nema að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, svo sem vitneskju um gögnin.“ Í athugasemdum við V. kafla frumvarpsins segir meðal annars svo: „Ákvæði þessa kafla kveða á um hvenær þjónustuveitandi, sem er milligönguaðili við miðlun gagna, ber ekki ábyrgð á gögnum sem hann miðlar, vistar með skyndivistun eða hýsir. Frumvarpið kveður ekki á um hvenær þjónustuveitandi getur orðið ábyrgur fyrir slíkum gögnum ef skilyrði takmörkunar ábyrgðar eru ekki fyrir hendi. Þá hafa ákvæði frumvarpsins ekki áhrif á lögbannsræði aðila. Loks skulu ákvæðin ekki hafa í för með sér almenna skyldu þjónustuveitenda til að hafa eftirlit með þeim gögnum sem þeir flytja, vista með skyndivistun eða hýsa, né almenna skyldu að leita uppi staðreyndir eða aðstæður sem benda til ólöglegrar starfsemi. Takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda nær til innihalds þeirra gagna sem hann miðlar, vistar með skyndivistun eða hýsir. Ákvæðin taka bæði til takmörkunar refsíábyrgðar og

skaðabótaábyrgðar.“

Þá segir meðal annars svo í athugasemdum við 14. gr. frumvarpsins: „Takmörkun ábyrgðar samkvæmt greininni er háð því að þjónustuveitandi fjarlægji gögn eða hindri aðgang að þeim án tafar í tilteknum tilvikum. Í greininni hefur verið tekið tillit til þeirra hagsmuna sem vegast á í þessu sambandi, annars vegar tjáningarfrelsis og frekari þróunar rafrænnar þjónustu og hins vegar mikilvægis þess að koma í veg fyrir útbreiðslu ólögmætra gagna á skilvirkan hátt. Í fyrsta lagi skal þjónustuveitandi fjarlægja gögn eða hindra aðgang að þeim ef hann hefur fengið vitneskju um að sýslumaður hafi lagt lögbann við hýsingu gagnanna eða dómur hafi fallið um brottfellingu þeirra eða hindrun aðgangs að þeim. Í þeim tilvikum hefur farið fram lögformleg sönnun á ólögmæti gagna fyrir dómi eða sýslumanni og því brýnt að koma í veg fyrir útbreiðslu þess. Aðilum ætti einnig að vera hægt um vik að tilkynna viðkomandi þjónustuveitanda um úrlausn dómstóla eða sýslumanns og stuðla þannig að vitneskju hans. Í öðru lagi eru skilyrði takmörkunar á ábyrgð vegna meintra brota gegn ákvæðum höfundalaga þau að þjónustuveitandi fjarlægji gögn eða hindri aðgang að þeim þegar hann hefur fengið tilkynningu skv. 15. gr. frumvarpsins. Með broti gegn ákvæðum höfundalaga er bæði átt við brot gegn höfundarétti, t.d. 3. og 4. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, og brot gegn ákvæðum sömu laga um svokölluð grannréttindi, þ.e. réttindi listflytjenda, hljómplötuframleiðenda og útvarpsstöðva, sbr. V. kafla laganna. Minnt er á að nýlega var sett á vegum Evrópusambandsins tilskipun um höfundarétt í upplýsingasamfélagi (tilskipun 2000/29/EB).

Í 15.–18. gr. frumvarpsins er kveðið nánar á um það ferli sem mögulegt er að fylgja ef um meint höfundaréttarbrot er að ræða. Við samningu greinanna var haft í huga að tjáningarfrelsi yrði í heiðri haft þannig að ekki væri auðvelt að láta hindra aðgang að gögnum á netinu. Þannig er kveðið á um að aðgangur skuli veittur að gögnum á ný komi fram krafa þar að lútandi og öðrum skilyrðum er fullnægt, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Þá er einnig kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð vegna rangrar upplýsingagjafar í 18. gr. frumvarpsins. Hins vegar hafi reynslan sýnt að tjón vegna höfundaréttarbrotar með stafrænni tækni, þ.m.t. dreifingu á netinu, geta verið umtalsverð. Er það ekki síst vegna þess hversu auðvelt er að dreifa gögnum á netinu og hversu skamman tíma það tekur. Því er talið að nauðsynlegt sé að mæla fyrir um að rétthafar og umboðsmenn þeirra geti sent tilkynningu skv. 15. gr. frumvarpsins og þannig stuðlað að stöðvun á dreifingu gagnanna. [...] Í [2.] mgr. er kveðið á um að ákvæði greinarinnar um takmörkun ábyrgðar eigi ekki við þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitanda. Ákvæðið miðar að því að tryggja að þjónustuveitendur geti ekki takmarkað ábyrgð sína vegna gagna sem eru í raun á þeirra vegum.“

Samkvæmt því sem að framan er rakið getur það fallið undir hugtakið rafræn þjónusta í merkingu 2. gr. laga nr. 30/2002 þegar í atvinnustarfsemi er veitt þjónusta, úr fjarlægð, sem felur í sér upplýsinga- eða aðgangsjónustu á netinu, eða flutning eða hýsingu gagna. Ekki er því fortakslaust áskilið að rafræn þjónusta sé veitt „gegn endurgjaldi“ til að lögin eigi við, sbr. orðalagið „almenn“ er veitt gegn endurgjaldi í 1. tölul. 2. gr. laganna. Sá einstaklingur eða lögaðili er veitir slíka rafræna þjónustu telst þjónustuveitandi en sá, sem hana nýtir, þjónustuþegi. Ef nægilega er talið liggja fyrir að höfundaréttarvörðu efni sé dreift ólöglega á milli tveggja eða fleiri einstaklinga, það er þjónustuþega, til dæmis með miðlun eða hýsingu gagna af hálfu þjónustuveitanda verður næst að taka afstöðu til þess hvort

og þá hvernig ábyrgð þjónustuveitanda að lögum, sem milligönguaðila, sé háttað. Þar kann það að hafa verulega þýðingu að löggjafinn hefur með áðurgreindum ákvæðum í V. kafla laga nr. 30/2002 mælt sérstaklega fyrir um takmörkun á skaða bóta- og/eða refsíábyrgð þjónustuveitanda við miðlun eða hýsingu gagna að upp fylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Nánar tiltekið kann í þessu máli að reyna á samspil sérákvæða í V. kafla laga nr. 30/2002 við almenn ákvæði höfundalaga nr. 73/1972 og eftir atvikum almennar reglur skaðabótaréttar um óskipta ábyrgð þegar um tvo eða fleiri tjónvalda er að ræða. Þarf meðal annars að leysa úr því álitafni hvaða ályktanir verði dregnar af hinum sérstöku takmörkunarreglum V. kafla laga nr. 30/2002 um skaðabótaábyrgð milligönguaðila þegar höfundaréttarvörðu efni er dreift ólöglega með rafrænum hætti af hálfu þeirra sem nýta þjónustu milligöngu aðilans. Þá kann tilvist sérákvæðanna að hafa þýðingu þegar lagt er mat á hvort og þá með hvaða hætti beri að horfa til hlutdeildarákvæðis 22. gr. hegningarlaga við úrlausn máls þessa. Það skal þó ítrekað að af hálfu stefnenda er ekki gerð refsikrafa í þessu máli.

Áður er rakið að ekki hefur verið vikið að lögum nr. 30/2002 undir rekstri málsins að öðru leyti en því að lögmaður stefndu vísaði í stuttu máli til þeirra við munnlegan málf lutning án frekari umfjöllunar. Málalíbúnaður aðilanna og þar með sönnunarfærsla hefur þannig í engu tekið mið af þeim. Af hálfu stefnenda hefur í engu verið leitast við að færa fyrir því rök að þrátt fyrir allt það sem að framan er rakið og í ljósi óumdeilda atvika málsins standi efni til þess að taka dómkröfur þeirra til greina. Þá hafa stefndu með engu móti reifað hvort og þá hvaða þýðingu ákvæði laga nr. 30/2002 eigi að hafa fyrir úrlausn málsins. Það er ekki hlutverk dómstóla að leggja sjálfstæðan grundvöll að lagaatriðum og heimfærslu atvika, eins og þau liggja fyrir samkvæmt gögnum máls, undir slík atriði, sbr. að sínu leyti grunnregla 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Telst málið því vera svo vanreifað hvað ofangreind atriði varðar að óhjákvæmilegt er að vísa því af sjálfsdáðum frá dómi.

Með úrskurði dómsins 11. febrúar 2008 var kröfu stefndu um frávísun málsins hafnað. Sú úrlausn tók einvörðungu til þeirra málsástæðna sem þessi krafa stefndu var grundvölluð á. Með því að málinu er nú vísað frá á öðrum grunni stendur ákvæði 3. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þeirri niðurstöðu dómsins ekki í vegi.

Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 skal stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað ef máli er vísað frá dómi. Ekki þykja efni til að víkja hér frá þessu ákvæði. Í samræmi við þetta og seinni málslið 2. mgr. 132. gr. sömu laga verður stefnendum óskipt gert að greiða stefndu málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn samtals 500.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdóms mönnunum Birni Jónssyni, tölvunarfræðingi og rafmagnsverkfræðingi, og Róbert R. Spanó prófessor.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Samtök myndrétthafa á Íslandi, Framleiðendafélagið-SÍK, Samtök tónskálda og eigenda flutningsréttar og Félag hljómplötuframleiðenda, greiði óskipt

stefndu, Istorrent ehf. og Svavari Lútherssyni, 500.000 krónur í málskostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson

Björn Jónsson

Róbert R. Spanó